

Höfundarréttur

Með tölvupósti, dags. 12. janúar 2023, óskaði skipulagsdeild eftir umfjöllun um höfundarétt arkitekta í tilefni af umsókn um byggingarleyfi fyrir svalaskýli á húsið nr. 91 við Hrauntungu.

Í þessari stuttu samantekt er fjallað um sæmdarrétt höfunda sem getur komið til skoðunar við mat á breytingum á formi og útliti húsa.

Sigvaldahúsin

Samkvæmt *Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040* er Hrauntunga 31-115 sérstaklega auðkennd með það að markmiði að viðhalda upprunalegu yfirbragði og gildir sértækt rammaákvæði um byggðina, sem hönnuð er af Sigvalda Thordarson, arkitekt, en Sigvaldi var fenginn til að skipuleggja ný íbúðarhverfi í Kópavogi á 6. og 7. áratug síðustu aldar. Samkvæmt rammaákvæði nr. 5 í gildandi aðalskipulagi skal leggja áherslu á að svipmóti húsa verði sem minnst raskað, t.d. hvað varðar þak, efnisval og gluggagerð. Útlit einstakra húsa er mikilvægur þáttur í heildarmyndinni og við breytingar á húsum skal reynt að varðveita og styrkja upprunalega heildarmynd svæðisins sem mótar ásýnd þess. Viðbyggingar og bílskúrar skulu ekki spilla yfirbragði húsanna eða götumyndinni.

Húsin í Hrauntungu 31-115 eru allsérstæð keðjuhús sem enn þann dag í dag eru nefnd Sigvaldahúsin. Sum hver húsanna eru enn máluð í upprunalegum litum, svokölluðum Sigvaldalitum. Ekki er í gildi deiliskipulag fyrir Hrauntungu 31-115.

Höfundalög nr. 73/1972

Höfundaréttur fjallar um vernd hugverka. Um réttin gilda höfundalög nr. 73/1972 með áorðnum breytingum. Með lögunum er höfundum tryggður einkaréttur á tiltekinni nýtingu verka sinna.

Höfundaréttur felur í sér tvenns konar réttindi fyrir höfunda, annars vegar fjárhagsleg réttindi og hins vegar sæmdarrétt. Í fjárhagslegum hluta höfundaréttarins felst einkaréttur höfundar til að njóta arðs af nýtingu verka sinna með þeim undantekningum og takmörkunum sem af höfundalögum leiðir. Í sæmdarrétti höfundar felst m.a. rétturinn til að verk sé eignað höfundi sínum, rétturinn til að ráða því hvenær opinber birting fer fram og rétturinn til að varna því að verk sæti ótilhlýðilegri eða ósæmilegri meðferð.

Samkvæmt 2. mgr. 4. gr. höfundarlaga nr. 73/1972 er óheimilt að breyta verki höfundar eða birta það með þeim hætti eða í því samhengi, að skert geti höfundarheiður hans eða höfundarsérkenni. Við mat á umsóttum breytingum á húsinu nr. 91 við Hrauntungu ber að skoða hvort breytingin feli í sér brot á höfundarrétti og sæmdarrétti Sigvalda sem er varinn í 2. gr. höfundalaga og 72. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944.

Höfundaréttur helst uns 70 ár eru liðin frá næstu áramótum eftir lát höfundar, sbr. 1. mgr. 43. gr. höfundalaga. Í höfundalögum eru ákveðnar takmarkanir á einkarétti höfundar sem löggjafinn hefur talið nauðsynlegar, svo sem tímatakmarkanir á verndartíma og takmarkanir á hvað getur notið verndar. Undantekningar á höfundarétti höfundar ber þó að túlka þröngt.

Arkitektúr (byggingarlist) er sérstaklega verndað sem verk skv. lögunum, sbr. 2. mgr. 1. gr. laganna, en að sama skapi njóta uppdrættir, teikningar, mótanir, líkön og önnur þess háttar gögn, sem fræðslu

veita um málefni eða skýra þau, verndar með sama hætti og bókmenntaverk. Þannig er listrænt form byggingar varðveitt, að því tilskildu að það nái verkshæð og standist frumleikastig höfundaréttar. Hið sama á við um hönnun. Takmörkun á rétti arkitekta í höfundalögum er að finna í 13. gr. laganna en ákvæðið er svohljóðandi:

„Nú nýtur mannvirki verndar eftir reglum um byggingarlist, og er eiganda þó allt að einu heimilt að breyta því án samþykkis höfundar, að því leyti sem það verður talið nauðsynlegt vegna afnota þess eða af tæknilegum ástæðum.“

Ákvæðið hefur staðið óbreytt frá setningu höfundalaga árið 1972. Í greinargerð með frumvarpi til laganna segir meðal annars um 13. gr.:

„Höfundur hefur samkvæmt 3. gr. einkarétt til að gera breytingar á verki sínu, og í 4. gr. er bannað að breyta verki þannig, að skert geti höfundarheiður eða höfundarsérkenni þess, sem það hefur skapað. Þegar listaverk er einungis gert til skrauts eða listnautnar, er auðvelt að koma þessum reglum við en öðru máli gegnir þegar það hefur jafnframt nytjagildi. Þá getur verið að afnot þessi hafi í för með sér nauðsyn á breytingum. Getur það leitt til hagsmunaárekstra á milli eiganda og höfundar. Að því lúta ákvæði greinar þessarar.“

Skipulagslög nr. 123/2010

Í 6. mgr. 12. gr. skipulagslaga kemur fram að ef talin sé þörf á að vernda sérkenni eldri byggðar eða annarra menningarsögulegra minja, náttúruminjar, náttúrufar eða gróður vegna sögulegs, náttúrulegs eða menningarlegs gildis við gerð skipulagsáætlunar, án þess að um friðun sé að ræða samkvæmt öðrum lögum, skuli setja í viðkomandi skipulagsáætlun ákvæði um hverfisvernd. Jafnframt skal setja í viðkomandi skipulagsáætlun ákvæði um verndarsvæði í byggð samkvæmt lögum um verndarsvæði í byggð.

Kjarvalsdómurinn

Í dómi Hæstaréttar (Hrd. 1989, bls. 1080) í máli arkitektsins Hannesar Kr. Davíðssonar gegn húseigendum Kjarvalsstaða var tekist á um sæmdarrétt höfundar annars vegar og hagnýtar þarfir húseiganda vegna fyrirhugaðra breytinga á tilteknum þáttum á Kjarvalsstöðum hins vegar. Hæstiréttur komst að þeirri niðurstöðu að hagsmunir arkitektsins ættu að vega þyngra en hagsmunir húseigandans. Í dóminum segir að unnt væri að gera viðunandi breytingar á lýsingu í sýningarsölum Kjarvalsstaða án þess að raska núverandi loftvirkjum. Kostnaður af slíkum breytingum yrði ekki meiri en af þeim fyrirhuguðu breytingum sem húseigendur lögðu til. Því var talið að ekki hafi verið sýnt fram á að nauðsynlegt væri að gera breytingar á formi og útliti lofta sýningarsala, sem eigandi hússins vildi gera.

Samantekt

Af athugasemdum sem fylgdu frumvarpi til höfundalaga má sjá að við mat á breytingum hverju sinni skuli bornir saman hagsmunir höfundar, sem njóti verndar 4. gr., og hagsmunir eiganda sem venjulega eru fjárhagslegs eðlis. Þá skuli skoðað hvort eiganda sé mögulegt að bæta úr þörfum sínum með öðrum hætti og hver kostnaðarauki yrði af því.

Samkvæmt Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 hafa Sigvaldahúsin í Hrauntungu sérstöðu og höfundareinkenni sem gerir það að verkum að þau falli undir ákvæði höfundarlaga. Það má sjá af dómaframkvæmd að teikningar af mannvirkjum falli undir höfundarrétt viðkomandi arkitekts, sbr. Hrd. 98/1983. Eins og kemur fram í hér að framan þá taldi Hæstiréttur að með því að breyta umræddum teikningum væri vegið að sæmdarrétti höfundar. Þá feli sæmdarréttur höfundar í sér vernd gegn því að verki hans sé breytt eða það birt með þeim hætti eða í því samhengi að skertur sé höfundarheiður eða höfundarsérkenni.

Kópavogur, 13. janúar 2023

Stjórnsýslusvið – lögfræðideild
Auðun Helgason, lögmaður